



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Rangárþing ytra  
Suðurlandsvegi 1-3  
850 Hella  
B/t skipulagsfulltrúa, Birgis Haraldssonar

Þriðjudagur, 31. október 2023  
MÍ202310-0117/ 6.10 / U.Æ.

### Efni: Þingskálavegur - vegarbætur. Rangárþing ytra

Umsagnarbeiðni barst frá Vegagerðinni vegna fyrirhugaðra vegarbóta á kafla Þingskálavegar, skammt norðan Löngulautar til norðausturs framhjá Heiði, Víkingslæk, Þingskálum, Kaldbak og Bolholti inn á Bolholtssand. Svæðið hefur verið fornleifaskráð: Fornleifaskráning í Rangárþingi ytra. Áfangaskýrsla I. FS379-06191. Fornleifastofnun Íslands ses. Reykjavík, 2008.

Minjavörður fór á vettvang og tók svæðið út með tilliti til gamalla húsa, mannvirkja og fornleifa. Við framkvæmdina verður veginum fylgt að langmestu leyti en bætt í skeringar og fyllingar. Það er helst í brekkunni austan Heiðar þar sem farið verður vegbreiddina norður fyrir núverandi vegstæði yfir Heiðarlækinn. Tveir minjastaðir eru nálægt vegi á þessum slóðum: RA-301:012 og 015. RA-301:012 (ISN93 A439721 N378479) er tóft af hesthúsi en 015 (ISN93 A439803 N378482) er heimild um hesthús, sjá skráningarskýrslu. Varpa þyrfti þessum hnitum inn á skipulagsuppdrátt svo að starfsmenn verði meðvitaðir um staðsetninguna og setji þá ekki í uppnám. Efnisnám verður þar sem tekið hefur verið efni áður, miðja vegu milli Þingskála og Víkingslækjar; austan vegar. Minjavörður gekk fyrirhugað námusvæði, um 260 m NV-SA og um 100 á breidd. Minjavörður gerir ekki athugasemdir við áætlaðar vegarbætur en minnir þó á að fara vægilega með umferð stórvirkra vinnuvéla því minjar á svæðinu eru ekki langt frá vegi.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Uggi Evarsson  
Minjavörður

Minjavörður Suðurlands


Bankavegur  
800 Selfoss

(354) 570 13 16  
(354) 898 88 52

www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Uggi Evarsson  
Minjavörður  
uggi@minjastofnun.is

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnisýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.



**FISKISTOFA**  
TRAUST · FRAMSÆKNI · VIRÐING

## Fylgiskjal 2

sími 569 7900 · fax 569 7990  
fiskistofa@fiskistofa.is  
fiskistofa.is

Vegagerðin  
María Dís Ásgeirsdóttir  
Suðurhrauni 3  
210 Reykjavík

<b>VEGAGERÐIN</b>	
Miðstöð	
Mótt.	16. OKT. 2023
Skjalalýkill	111131131
Málsnr.	1210231011011131

Hafnar fjörður 11. október 2023  
Tilv. 2023-09-12-0864/2.3.1

Efni: Varðar ræsi yfir Heiðarlæk og Höfðalæk við Ytri-Rangá

Í umsókn dagsettri 11. september síðastliðinn leitar Vegagerðin eftir heimild til að setja ný ræsi yfir Heiðarlæk (staður: 63.905592°, -20.224754°) og Höfðalæk (staður: 63.905592°, -20.224754°) við Ytri-Rangá vegna uppbyggingar Þingskálavegar. Í Heiðarlæk er fyrirhugað ræsi með litlum halla og grjótvörn inn í núverandi lón til að hindra breytingu á vatnsborði þar. Ræsið er 36 m langt í kóta 61,5 mys, hallinn á því er 0%. Ræsið er þannig grafið um 10-20% af þvermáli ræsis niður fyrir farveg, talið er líklegt að jarðefni safnist í botn á ræsinu. Einnig á að hlaða stíflu ofar í farveginum til að mynda lón. Í Höfðalæk er fyrirhugað að selja 24 m ræsi sem er 1,6 m í þvermál og að halli þess verði 2%. Umsókninni fylgja upplýsingar um framkvæmdina, umsögn Hafrannsóknastofnunar varðandi möguleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríkið og umsögn stjórnar Veiðifélags Ytri-Rangár og vesturhluta Hólsár.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar frá 1. ágúst (Heiðarlækur) og 1. september (Höfðalækur) 2023 kemur m.a. fram:


„Þverun vatnsfalla við vegagerð veldur óhjákvæmilega röskun á búsvæðum lífvera í vatni. Efrétt er að staðið eru helstu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda röskun á meðan á þeim stendur. Slíkt getur haft neikvæð áhrif á uppeldi seiða við framkvæmdastaði og niður af þeim. Einnig getur lífræn framleiðsla og framleiðsla smádyra skerst tímabundið. Áhrifasvæðin eru hins vegar stutt og áhrifin tímabundin. Rask í og við lækina mun að líkindum hafa bein áhrif á hrogn/seiði sem eru á framkvæmdasvæðinu og niður af því. Bæði vegna röskunar á botnefni og vegna gruggs sem berst niður ána frá framkvæmdasvæðinu. Framkvæmdin getur og valdið tilfærslu botnefnis ofan við framkvæmdastað. Botn vatnsfalla er búsvæði þeirra lífvera sem þar búa og getur þéttleiki þeirra verið mikill á hverja flatareiningu og vistkerfi verið fjölbreytt. Fiskar standa efst í fæðukeðjunni og gefa oft mynd af framleiðslu viðkomandi svæðis.

Mikilvægt er við þverun að gengið sé þannig frá að hún raski ekki fiskgöngum. Ræsi geta hindrað fisk í uppgöngu bæði vegna of mikils straumhraða og ef fall er úr neðri enda þess.

Varðandi grjótfyrirstöðu í lóni í Heiðarlæk væri æskilegt að hún yrði hönnuð þannig að fiskur geti gengið upp hana. Það mætti gera með þeim hætti að grjótprep yrði gert í garðinn sem auðveldaði fiski uppgöngu. Til að ná nægilegum halla gæti þurft að færa grjótvörnina ofar.

[...]

Dýpi í þverunum þarf að vera að lágmarki 0,2 m til að tryggja að þær séu gengar fullorðnum silungi (Guðmundur Ingi Guðbrandsson o.fl. 2005). Svipuð lög málgilda um aðrar hindranir.“



Einnig kemur fram í báðum umsögnum Hafrannsóknastofnunar:

„Ef farið verður í framkvæmdir með þeim leiðbeiningum og takmörkunum sem að ofan greinir ættu þær ekki að hafa mikil varanleg neikvæð áhrif á lífríki árinna.“

Bent er á að við framkvæmdir þarf að hafa eftirtalda þætti í huga;

- 1) Gæta þess að hafa sem minnst áhrif á vatn árinna svo sem grugga það upp, breyta hitastigi þess eða setja óæskileg efni í það.
- 2) Áhöld og vélar sem notuð eru í eða við ár og vötn séu þannig að tryggt sé að óæskileg mengandi efni þ.m.t. olíur berist ekki í árvatnið.
- 3) Talmarka skal framkvæmdasvæðið eins og kostur er og gæta þess að spilla ekki árbökkum frekar en nauðsynlegt er framkvæmdarinnar vegna.
- 4) Gengið skal frá framkvæmdastað þannig að ekki verði hætt á að lífríki árinna skaðist.“

Í umsögn stjórnar Veiðifélags Ytri-Rangár og vesturhluta Hólsár kemur m.a. fram:

„Veiðifélagið gerir ekki athugasemd við þessar fyrir hugaðar framkvæmdir við Heiðarlæk og Höfðalæk. Sé farið eftir leiðbeiningum og takmörkunum sem Hafrannsóknastofnun mælir um í bréfum dagsett 1 ágúst 2023 og 1 september 2023.“

Að teknu tilliti til umsagnar Hafrannsóknastofnunar og með vísan til 33. greinar laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði fellst Fiskistofa á að Vegagerðin setji nýtt 36 m ræsi (2,5m breitt stálræsi) yfir Heiðarlæk (staður: 63.905592°, -20.224754°) og 24 m ræsi (1,6m breitt stálræsi) yfir Höfðalæk (staður: 63.929291°, -20.176208°) við Ytri-Rangá vegna uppbyggingar Þingskálavegar. Einnig að stífla verði hlaðin ofar í farvegi Heiðarlækjar til að mynda lón.

**Varðandi grjótfyrirstöðu í lóni í Heiðarlæk væri æskilegt að hún yrði hönnuð þannig að fiskur geti gengið upp hana. Það mætti gera með þeim hætti að grjótprep yrði gert í garðinn sem auðveldaði fiski uppgöngu. Til að ná nægilegum halla gæti þurft að færa grjótvörninna ofar.** Fiskistofa leggur áherslu á að farið verði eftir ráðleggingum Hafrannsóknastofnunar varðandi framkvæmdina og að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum. Heimildin gildir til 11. október 2024.

Almennar upplýsingar um leyfið eru birtar á upplýsingaveitunni Hafsjá (fiskistofa.is).

Fiskistofa vekur athygli á því að gjald er tekið fyrir leyfisveitingu vegna framkvæmda við ár og vötn (22.200 kr.) í samræmi við auglýsingu nr. 1404/2022. Reikningur verður sendur í heimabanka.

Fiskistofa bendir á eftirfarandi:

- Uppfylla þarf lagaskilyrði gagnvart viðkomandi landeigendum áður en framkvæmd hefst.
- Framkvæmdir við veiðivötn kunna að vera háðar framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitafélags.
- Framkvæmdir innan friðlýstra svæða eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllst,  
Fiskistofa



Sumarliði Óskarsson

Lax- og silungsveiðisvið



Vegagerðin  
María Dís Ásgeirsdóttir  
Breiðumýri 2, 800 Selfossi

Selfossi 1. ágúst 2023

Mál: 2023-04-0151

## Efni; Áhrif vegagerðar á Þingskálavegi á lífríki í vatni.

Með tölvupósti 24. apríl sl. óskaði vegagerðin eftir umsögn vegna fyrirhugaðra framkvæmda vegagerðarinnar við að styrkja og lagfæra 7 km kafla á Þingskálavegi. Vegurinn þverar m.a. Heiðarlæk og Víkingslæk. Ekki er fyrirhugað að skipta um ræsi í Víkingslæk. Í Heiðarlæk er fyrirhugað ræsi með litlum halla og grjótvörn inn í núverandi lón til að hindra breytingu á vatnsborði þar. Ræsið er 36 m langt í kóta 61,5 mys, hallinn á því er 0%. Ræsið er þannig grafið um 10-20% af þvermáli ræsis niður fyrir farveg, talið er líklegt að jarðefni safnist í botn á ræsinu.

Umræddir lækir renna til Ytri-Rangár, en í Rangánum er stunduð umtalsverð stangveiði á laxi sem byggir að mestu á sleppingum alinna gönguseiða. Á árinu 1998 gerði Veiðimálastofnun seiðarannsóknir í ánni og þverlækjum hennar ásamt því að gert var búsvæðamat fyrir laxfiska (Magnús Jóhannsson 1999). Það mat var endurskoðað árið 2011 (Magnús Jóhannsson 2011).

**Víkingslækur** er um 5,5 km langur lækur sem á upptök sín í lindum undan Víkingslækjarhrauni. Hann fellur til Ytri-Rangár við Heiðarvað gegnt Selgili. Lækurinn er líklegast allur fiskgengur. Rennsli Víkingslækjar við ármót hefur verið áætlað um 0,5 m<sup>3</sup>/sek. Vatnið er efnaríkt, leiðni mæld 244 µS/cm. Vatnið er líklegast kalt í upptakalindum en neðantil nær lækurinn að hlýna vel af lofthita.

Árið 1998 var Víkingslækur skoðaður m.t.t. gæða búsvæða fyrir laxfiska, frá u.þ.b. 1500 m ofan við Þjóðveg og að ósi (Magnús Jóhannsson 1999). Botn er þar einsleitur, einkennist af mól og smágrýti, en sums staðar er klöpp en lítið um stórgrýti og allnokkuð gróinn. Flatarmálið er áætlað 3,6 ha. Lækurinn er talinn í kaldara lagi fyrir þrif laxaseiða, en var metinn með þokkaleg skilyrði fyrir urriða. Árið 1998 voru gerðar seiðarannsóknir í læknum, gáfu þær urriða- (3,8 seiði á 100 m<sup>2</sup>) og bleikjuseiði (5,1 seiði á 100 m<sup>2</sup>) (Magnús Jóhannsson 1998).

**Heiðarlækur** á upptök sín í lindum í Heiðarhrauni suðaustan við bæinn Heiði. Lækurinn er um 5 km langur og rennslið hefur verið áætlað um 0,2 m<sup>3</sup>/sek. Hann er fiskgengur að Þjóðvegi en þar er manngerð stífla og lón þar ofan við. Líklega hefur lækurinn verið þar fiskgengur áður. Við skoðun 1998 var leiðnin 196 µS/cm við veg og vatnshitinn 9,0 °C (Magnús Jóhannsson 1999).

Fiskgengi hlutinn neðan Þjóðvegar var skoðaður árið 1998. Straumur er hægur og botn fremur lítið gróinn, malarkenndur en sandblendinn. Uppeldisskilyrði fyrir urriða eru metin þokkaleg í

læknum en mun lakari fyrir lax. Seiðarannsóknir hafa eingöngu gefið bleikjuseiði (25 seiði á 100 m<sup>2</sup>) (Magnús Jóhannsson 1999).

## Umsögn

Þverun vatnsfalla við vegagerð veldur óhjákvæmilega röskun á búsvæðum lífvera í vatni. Ef rétt er að staðið eru helstu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda röskun á meðan á þeim stendur. Slíkt getur haft neikvæð áhrif á uppeldi seiða við framkvæmdastaði og niður af þeim. Einnig getur lífræn framleiðsla og framleiðsla smádýra skerst tímabundið. Áhrifsvæðin eru hins vegar stutt og áhrifin tímabundin. Rask í og við lækina mun að líkindum hafa bein áhrif á hrogn/seiði sem eru á framkvæmdasvæðinu og niður af því. Bæði vegna röskunar á botnefni og vegna gruggs sem berst niður ána frá framkvæmdasvæðinu. Framkvæmdin getur og valdið tilfærslu botnefnis ofan við framkvæmdastað. Botn vatnsfalla er búsvæði þeirra lífvera sem þar búa og getur þéttleiki þeirra verið mikill á hverja flatareiningu og vistkerfi verið fjölbreytt. Fiskar standa efst í fæðukeðjunni og gefa oft mynd af framleiðslu viðkomandi svæðis.

Mikilvægt er við þverun að gengið sé þannig frá að hún raski ekki fiskgöngum. Ræsi geta hindrað fisk í uppgöngu bæði vegna of mikils straumhraða og ef fall er úr neðri enda þess.

Varðandi grjótfyrirstöðu í lóni í Heiðarlæk væri æskilegt að hún yrði hönnuð þannig að fiskur geti gengið upp hana. Það mætti gera með þeim hætti að grjótprep yrði gert í garðinn sem auðveldaði fiski uppgöngu. Til að ná nægilegum halla gæti þurft að færa grjótvörnina ofar.

Þær breytur sem skipta hvað mestu máli varðandi fiskgengd um þveranir eru; straumhraði, dýpi, fallhæð við útfall, hindranir við inntak og útfall (Guðmundur Ingi Guðbrandsson o.fl. 2005). Sundgeta fiska er mjög misjöfn. Stærri silungar, urriði og bleikja, komast um straumhraða allt að 1,2 m/sek í ræsum sem eru styttri en 30m (Bates o.fl. 2003) og 0,34 m/s fyrir silungaseiði þannig að fært sé um rör (Poulin og Argent 1997). Fiskar geta synt upp um meiri straumhraða í stuttan tíma. Reynsla er fyrir því hér á landi að bleikja á erfiðara með að fara hindranir en urriði (sbr. í Grenlæk í Skaftafellssýslu). Ef botn er náttúrulegur (grýttur) getur straumhraði verið eitthvað meiri (allt að 0,6 m/sek) en ella án þess að hann hindri göngur seiða. Við náttúrlegan grýttan botn verður straumhraði við botninn minni og hvíldarstaðir myndast sem fiskarnir geta nýtt sér. Dýpi í þverunum þarfa að vara að lágmarki 0,2 m til að tryggja að þær séu gengar fullorðnum silungi (Guðmundur Ingi Guðbrandsson o.fl. 2005). Svipuð lögmál gilda um aðrar hindranir.

Besta lausnin við gerð þverana er að gera brú þannig að botn og straumlag haldist sem mest óbreytt. Í löngu ræsi er æskilegt að hafa gróft botnefni til að minnka straum og mynda búsvæði fyrir lífverur.

Ef farið verður í framkvæmdir með þeim leiðbeiningum og takmörkunum sem að ofan greinir ættu þær ekki að hafa mikil varanleg neikvæð áhrif á lífríki árinna.

Bent er á að við framkvæmdir þarf að hafa eftirtalda þætti í huga;


1) Gæta þess að hafa sem minnst áhrif á vatn árinna svo sem grugga það upp, breyta hitastigi þess eða setja óæskileg efni í það.

- 2) Áhöld og vélar sem notuð eru í eða við ár og vötn séu þannig að tryggt sé að óæskileg mengandi efni þ.m.t. olíur berist ekki í árvatnið.
- 3) Takmarka skal framkvæmdasvæðið eins og kostur er og gæta þess að spilla ekki árbökkum frekar en nauðsynlegt er framkvæmdarinnar vegna.
- 4) Gengið skal frá framkvæmdastað þannig að ekki verði hætt á að lífríki árinna skaðist.

Hafrannsóknastofnun vill benda á að í 33. grein laga um lax- og silungsveiði nr. 61, 2006 eru eftirfarandi ákvæði:

*„Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu. Um byggingarleyfis- og framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir fer einnig samkvæmt skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, og reglum settum samkvæmt þeim.....“*

Fh. Hafrannsóknastofnunar



#### Tilvitnanir

- Magnús Jóhannsson 1998. Seiðarannsóknir í Ytri-Rangá árið 1997. Veiðimálastofnun, VMST- S/98001: 13 bls.
- Magnús Jóhannsson 1999. Mat á búsvæðum fyrir laxfiska á vatnasvæði Ytri-Rangár –Hólsár, Veiðimálastofnun VMST-S/99001X: 32 bls.
- Magnús Jóhannsson 2011. Endurmat á búsvæðum fyrir laxfiska á vatnasvæði Ytri-Rangár – Hólsár. Veiðimálastofnun VMST/11054: 21 bls.
- Bates, K., Barnard, M.R.J., Heiner, B., Klavas, J.P., & Powers, P.D. 2003. Design of road culverts for fish passage. Wasington Development of Fish and Wildlife, Olimpia. 110 bls.
- Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Bjarni Jónsson, Eik Elfarsdóttir og Karl Bjarnason 2005. Áhrif brúa- og ræsagerðar á ferðir ferskvatnsfiska og búsvæði þeirra. Veiðimálastofnun VMST-N/0503: 101 bls.
- Poulin, V.A og Argent, H.W. 1997. Stream crossing guidebook for fish streams. V.A. Poulin and Associates, Vancouver, B.C. 80 bls.

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 8. desember 2023  
Málsnúmer: 202311-0015  
BK

**Efni: Þingskálavegur - Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu**

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 8. nóvember 2023, þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögu Náttúrufræðistofnunar Íslands um tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu. Um er að ræða enduruppbyggingar núverandi vegar á rúmlega 7,4 km löngum kafla á Þingskálavegi (268) milli Heiðar og Bolholts á Rangárvöllum í Rangárþingi ytra. Lítil breyting verður á núverandi veglínu nema við Heiði, á u.þ.b. 250-300 metra kafla, þar sem vegurinn hliðrast um 6 metra þar sem mest er.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér kynningarskýrsluna og telur ekki þörf á því að framkvæmdin fari í umhverfismat en, líkt og fram kemur í skýrslunni, þá er framkvæmdasvæðið að hluta til innan Krókahrauns sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlega nr. 60/2013 og skal hlífa því sem kostur er.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir  
Líffræðingur, svið náttúruverndar





Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang [www.hsl.is](http://www.hsl.is) – Netfang [hsl@hsl.is](mailto:hsl@hsl.is) – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík**

Selfossi, 7. desember 2023  
2311066HS SHJ

**Efni: Þingskálavegur - Umsögn um tilkynningu um framkvæmd til ákvörðunar um matsskyldu**

Þann 8. nóvember sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands (HSL) tölvupóst frá Skipulagsstofnun þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðra endurbóta á um 7,4 km kafla á Þingskálavegi milli Heiðar og Bolholts á Rangárvöllum í Rangárþingi ytra.

Framkvæmdin felst í uppbyggingu vegarins og efnistöku. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin verði að mestu innan veghelgunarsvæðis sem er 15 m til hvorrar handar frá miðlínu vegar, en á nokkrum stuttum köflum fer framkvæmdin út fyrir það svæði. Þá er framkvæmdin á um 1,1 km löngum kafla innan forsögulegs hrauns, Krókahrauns, sem nýtur verndar skv. náttúruverndarlögum. Jafnframt er framkvæmdin innan mikilvægs fuglasvæðis á Suðurlandsundirlendi. Gert er ráð fyrir að um 1,1 ha af hraunsvæði meðfram núverandi vegi raskist utan þess svæðis sem áður hefur verið raskað vegna vegagerðar og annarra framkvæmda, auk 1,9 ha gróðurlendis. Vegna framkvæmdarinnar er áætlað að taka allt að 52.600 m<sup>3</sup> af efni úr Þingskálánámu sem merkt er sem efnistökusvæði E55 á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028. Að auki mun allt að 5.300 m<sup>3</sup> af efni úr hönnuðum skeringum vera nýtt í framkvæmdina.

HSL hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. Í kafla 1.3 Matskylda, kemur fram að kanna þurfi matsskyldu framkvæmdarinnar skv. með lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, 1. viðauka, tölulið 10.08 og 2. viðauka, tölulið 2iic.

HSL telur að framkvæmdin sé einnig tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu skv. tölulið 2.02 í 1. viðauka nefndra laga vegna fyrirhugaðrar efnistöku úr Þingskálánámu (E55) sem mun skv. tilkynningunni fara yfir 50.000 m<sup>3</sup>.

2. Í kafla 1.8 Lög og leyfisveitendur, kemur fram að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veiti starfsleyfi fyrir tímabundna aðstöðu, t.d. verktakaaðstöðu og starfsmannabúðir, sbr. 5. gr. rgl. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Jafnframt þurfi að sækja um starfsleyfi





heilbrigðiseftirlits ef sett verður upp mötuneyti í tengslum við framkvæmdina skv. ákvæðum matvælalaga nr. 93/1995.

Vinnsla jarðefna (efnistaka) er einnig starfsleyfis skyld starfsemi hjá heilbrigðisnefnd, sbr. tölul. 112 í viðauka IV. með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.

3. Í kafla 3.2.3 Efnistaka, kemur fram að gert sé ráð fyrir að stærstur hluti efnisins muni koma úr Þingskálánámu (E55) eða samtals 52.600 m<sup>3</sup>. Jafnframt kemur fram að í greinargerð með Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 sé gert ráð fyrir að unnið verði allt að 50.000 m<sup>3</sup> af efni úr námunni og að stærð hennar sé um 2 ha. Þá er yfirborðsflatarmál hennar sagt vera 4.300 m<sup>2</sup> og að nú þegar sé búið að taka um 4.000 m<sup>3</sup> af efni úr henni.

Skv. ofangreindu þá er heimilt að taka allt að 46.000 m<sup>3</sup> af efni úr Þingskálánámu til viðbótar við það sem þegar er búið að taka. Það er því ljóst að áætluð efnistaka vegna framkvæmdarinnar er um 6.600 m<sup>3</sup> umfram það sem heimilt er að taka úr námunni skv. ákvæðum aðalskipulags.

Fyrirhuguð efnistaka er því að mati HSL ekki í samræmi við ákvæði Aðalskipulags Rangárþings ytra 2016-2028 og bendir jafnframt á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. skuli allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir vera í samræmi við skipulag.

4. Í kafla 3.2.3. kemur fram að efnistaka og frágangur náma muni fara fram í samráði við eftirlitsmann Vegagerðarinnar, landeigendur og fulltrúa Umhverfisstofnunar.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands er útgefandi starfsleyfis vegna efnistöku og fer með eftirlit á efnistökusvæðum. Það er því réttara að efnistaka og frágangur námunnar fari fram í samráði við heilbrigðisfulltrúa HSL en ekki fulltrúa UST.

HSL telur að tilkynningin geri að nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi, umhverfi og fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum til að lágmarka möguleg umhverfisáhrif vegna endurbyggingu vegarins sjálfs, og telur að varanleg umhverfisáhrif þess hluta framkvæmdarinnar, önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni vegarins, séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum.


HSL telur hins vegar að tilkynningin geri ekki nægjanlega grein fyrir hvorki eðli, umfangi og umhverfi fyrirhugaðrar efnistöku né mögulegum umhverfisáhrifum hennar. Bendir embættið í því samhengi á að í 5. kafla kynningarskýrslunnar er einungis fjallað um möguleg umhverfisáhrif vegna veglagningarinnar en hvergi er minnst á fyrirhugaða efnistöku að öðru leyti en því að í síðustu setningu kafla 5.6 er sagt frá því að Þingskálánáma sé þegar opin.



Í ljósi ofangreinds telur HSL að ekki liggi fyrir fullnægjandi gögn til að embættið geti lagt mat á það hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum eður ei.

HSL veitir starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. vinnslu jarðefna, landmótun og verktakaaðstöðu skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, auk starfsmannabúða og mótuneytis skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og lögum nr. 93/1995 um matvæli.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

  
Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi

## Ferill fundarbókana er varða erindið:

**Málsnúmer:** 2310040

**Málsheiti:** Þingskálavegur, Heiði-Bolholt. Umsókn um framkvæmdaleyfi

**Málsaðili:** Vegagerðin

**Skráð af:** Haraldur Birgir Haraldsson

**Ábyrgðaraðili:** Haraldur Birgir Haraldsson

**Fundur:** Sveitarstjórn Rangárþings ytra - 21 (8.11.2023) - Þingskálavegur, Heiði-Bolholt. Umsókn um framkvæmdaleyfi

**Dags:** 08.11.2023

**Inngangur:** Vegagerðin óskar eftir framkvæmdaleyfi til að endurbyggja Þingskálaveg milli slitlagsenda frá Heiði að Örlýgsstaðamelum. Fyrirhugað er að endurbyggja veginn og leggja á hann bundið slitlag á um 7,5 km kafla. Jafnframt er fyrirhugað að færa veginn að hluta við Heiðarlæk og setja nýtt stálræsi þar í nýrri veglínu. Skipt verður um nokkur önnur ræsi á framkvæmdasvæðinu og önnur lagfærð þar sem það á við. Umsókn barst 13.10.2023.

**Niðurst.:** Lagt til að niðurstaða skipulags- og umferðarnefndar verði samþykkt. Samþykkt samhljóða.

**Fundur:** Skipulags- og umferðarnefnd Rangárþings ytra - 18 (2.11.2023) - Þingskálavegur, Heiði-Bolholt. Umsókn um framkvæmdaleyfi

**Dags:** 02.11.2023

**Inngangur:** Vegagerðin óskar eftir framkvæmdaleyfi til að endurbyggja Þingskálaveg milli slitlagsenda frá Heiði að Örlýgsstaðamelum. Fyrirhugað er að endurbyggja veginn og leggja á hann bundið slitlag á um 7,5 km kafla. Jafnframt er fyrirhugað að færa veginn að hluta við Heiðarlæk og setja nýtt stálræsi þar í nýrri veglínu. Skipt verður um nokkur önnur ræsi á framkvæmdasvæðinu og önnur lagfærð þar sem það á við. Umsókn barst 13.10.2023.

**Niðurst.:** Skipulags- og umferðarnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimild verði veitt fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli heimilda innan aðalskipulags Rangárþings ytra þar sem færsla vegar er langt innan vikmarka í aðalskipulagi.

**Fundur:** Skipulags- og umferðarnefnd Rangárþings ytra - 18 (2.11.2023) - Þingskálavegur, Heiði-Bolholt. Umsókn um framkvæmdaleyfi

**Dags:** 02.11.2023

**Inngangur:** Vegagerðin óskar eftir framkvæmdaleyfi til að endurbyggja Þingskálaveg milli slitlagsenda frá Heiði að Örlýgsstaðamelum. Fyrirhugað er að endurbyggja veginn og leggja á hann bundið slitlag á um 7,5 km kafla. Jafnframt er fyrirhugað að færa veginn að hluta við Heiðarlæk og setja nýtt stálræsi þar í nýrri veglínu. Skipt verður um nokkur önnur ræsi á framkvæmdasvæðinu og önnur lagfærð þar sem það á við. Umsókn barst 13.10.2023.

**Niðurst.:** Skipulags- og umferðarnefnd leggur til við sveitarstjórn að heimild verði veitt fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli heimilda innan aðalskipulags Rangárþings ytra þar sem færsla vegar er langt innan vikmarka í aðalskipulagi.